

Miðvikudaginn 21. febrúar 1951.

Nr. 28/1949. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson)
 gegn

Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f.
 (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Dómkröfur áfrýjanda í héraði hafa eigi verið lagðar fyrir sáttamenn, enda þótt ekki hafi verið heimild til að ganga fram hjá sáttamönnum samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. okt. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefni 19. jan. s.l., gegn Eimskipafélagi Reykjavíkur h/f hér í bænnum til greiðslu eftirstöðva útsvars, að fjárhæð kr. 87.000.00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. jan. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess til vara, að stefnda yrði dæmt að greiða honum kr. 32.621.50 og til þrautavara kr. 16.121.50, auk dráttarvaxta, eins og í stefnu greinir, af upphæð þeirri, sem dæmd yrði, og málskostnaður að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að við niðurbjörfnun útsvara árið 1946 lagði niðurbjörfnunarnefnd Reykjavíkur kr. 132.000.00 útsvar á stefnda. Af fjárhæð þeirri hefur stefndi greitt kr. 45.000.00, en neitað að greiða eftirstöðvarnar, kr. 87.000.00, sem koma heim við aðalkröfu stefnanda.

Fyrir liggur í málinu frá niðurjöfnunarnefnd greinargerð, sem ekki hefur verið vefngd, um það, hvernig útsvar stefnda árið 1946, miðað við útsvarsárið 1945, hafi verið á lagt. Segir í greinargerðinni, að tekjur stefnda útsvarsárið hafi numið yfir kr. 200.000.00 og tekjuútsvarið því orðið í hámarki, eða kr. 33.520.00. Þá hafi eignir stefnda verið það miklar, að eignauútsvarið hafi numið kr. 22.045.00. Veltuútsvar hafi hins vegar ekki verið reiknað út sérstaklega, en telja megi ekki ólíklegt, að það hefði verið ákveðið 12—15 þúsund krónur. Að lokum hafi svo verið tekið tillit til þess, að skip stefnda, Katla, sem keypt var á árinu 1934 á tæpar 164 þús. krónur og hlotið hefur fyrningu sem önnur skip, hafi á útsvarsárinu verið selt fyrir kr. 2.350.000.00, og með hliðsjón af því hafi stofnuútsvar stefnda verið ákveðið kr. 120.000.00. Ofan á þetta hafi síðan verið lagt 10%, eins og á önnur útsvör, og hafi því lokaútsvarið orðið kr. 132.000.00.

Varakröfuna miðar stefnandi við það, að tekjuútsvar, eignauútsvar og veltuútsvar stefnda, kr. 15.000.00, hafi verið löglega á lögð og ofan á þessar fjárhæðir bætt 10%, þannig að lokaútsvarið hefði aðeins átt að vera kr. 77.621.50. Þrautavarakrafan er hins vegar byggð á því, að aðeins álagning tekjuútsvarsins og eignauútsvarsins, að viðbættum 10% af þeim, hafi verið lögmat og lokaútsvarið þá ekki orðið nema kr. 61.121.50.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af þeim og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Til vara krefst stefndi þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 16.121.50 og til þrautavara kr. 32.621.50. Eru kröfur þessar þær sömu og reistar á sama grundvelli og þrautavarakrafa og varakrafa stefnanda.

Þá hefur stefndi mótmælt kröfu stefnanda um dráttarvexti.

Kröfur sínar og mótmæli reisir stefndi á því, að eftirstöðvar útsvarsins, kr. 87.000.00, hafi verið ranglega á sig lagðar. Telur hann það koma fram í greinargerð niðurjöfnunarnefndarinnar, að tekjuútsvar hafi verið lagt á ímyndaðan ágóða af sölu skips síns, Kötlu. Sá ágóði hafi aðeins verið á pappírnum, þar sem öllu söluverði skipsins og meira til hafi verið varið til kaupa á nýju skipi. Um tekjur af sölnni hafi því ekki verið að ræða, heldur aðeins verðhækkun á eign. Að þessu leyti telur stefndi grundvöllinn undir álagningu útsvarsins rangan. Þá styður stefndi mótmæli sín gegn réttmæti útsvarsálagningarinnar og við ákvæði 4. gr. laga um stríðsgróðaskatt nr. 21 frá 1942, en þar segir, að meðan ákvæði sé í lögum, að greiða skuli 90% samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir kr. 200.000.00, sé óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, er sé umfram 200 þúsund krónur.

EKKI verður annað séð en áðurgreint tekju- og eignarútsvar stefnda ásamt 10% álagi hafi verið löglega álagt, enda hefur stefndi ekki vefngt það. Nemur sú álagning, svo sem áður er sagt, kr. 61121.50. Er því ljóst, að sýknukrafa stefnda hefur ekki við rök að styðjast.

Hins vegar virðist eftir greinargerð niðurjöfnunarnefndar mismunurinn, kr. 70.878.50, á síðastgreindri fjárhæð og lokaútsvar stefnda, þar á meðal áætlað veltuútsvar, verða lagður á tekjur af skipi stefnda, meðan

það var enn eign hans, svo og ágóða af sölu skipsins. Þar sem niðurjöfnun-arnefnd hafði ákveðið tekjuútsvar stefnda í hámarki, miðað við 200.000.00 króna tekjur, er greind viðbótarálagning útsvars á tekjur hans yfir kr. 200.000.00 andstæð ákvæðum 4. gr. nefndra laga um stríðsgróðaskatt, og er stefnda því óskýlt að greiða þenna hluta útsvarsins.

Samkvæmt framansögðu verða þá úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 61.121.50 ÷ kr. 45.000.00 = kr. 16.121.50 með dráttarvöxtum, eins og krafizt hefur verið, sbr. 33. gr. laga um útsvör nr. 66 frá 1945. Þá ber og að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Reykjavíkur h.f., greiði stefnanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 16.121.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. jan. 1947 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1951.

Nr. 115/1950. **Árni Ólafsson** (sjálfur)

gegn

Ástu Ólafsson (Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Talið, að fyrirframgreidda húsaleigu ætti að endurgreiða að nokkru vegna niðurfalls húsaleigusamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. sept. 1950, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst áfrýjandi þess og, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var 8. sept. 1950, verði felld úr gildi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og fjárnámsgerðar